

Flokkum rétt - Flokkunarleiðbeiningar

Eins og okkur er öllum kunnugt, sér sorphirðupjónusta um að hirða **pappa, plast, matarleifar** og **blandaðan úrgang**. Annan úrgang þurfa húseigendur að flokka og fara með á endurvinnslustöðvar til viðeigandi vinnslu og endurnýtingar.

Söfnunarstöð:

Sæbraut 1 á Höfn

Opnunartíminn eftirfarandi:

Mánudaga til fimmtudaga: 13:00-17:00 / Laugardaga frá 10:00-14:00

Lokað föstudaga og sunnudaga

Hér eru einfaldar leiðbeiningar til viðmiðunar



Matarleifar

- Afgangar, hvort sem þeir eru eldaðir eða ekki
- Brauð og kökur
- Hýði og afskorningar af ávöxtum og grænmeti
- Egg og eggjaskurn, Sjávarfang og skeljar
- Kjöt, fiskur og bein
- Kaffi
- Sælgæti
- Eldhúspappír og ólituð viskastykki

Eftirfarandi tilheyrir **blönduðum úrgangi**: Kattasandur og dýraúrgangur; Tóbak, sígarettur eða tóbakspúðar; Tyggjó; Ryksugupokar; Eyrnappinnar, plástrar eða bómull.



Pappír og pappi

- Dagblöð, tímarit og bækur
- Póstpokar
- Pizzakassar
- Pappírsumbúðir
- Skókassar
- Mjólkur- og safafernur
- Kassar undan morgunkorni
- Eggjabakkar
- Bylgjupappi

Pappír sem húðaður er með efni eins og vaxi, plasti eða álfilmu (svo sem glansandi gjafapappír og sum jólakort) er ekki hægt að endurvinna. Slíkt fer í **blandaðan úrgang**.



Plast

- Plastumbúðir
- Snakkpokar
- Plastfilma
- Plastpokar
- Kúluplast
- Plastlát eins og sjampóflöskur og flöskur fyrir hreinsiefni
- Plastbakkar



Blandaður úrgangur

- Bómullarskífur og bómullarhnoðrar
- Dömubindi
- Blautpurkur
- Bleyjur
- Ryksugupokar
- Bökunarpappír
- Kattasandur
- Kaffihylki
- Einnota grímur
- Einnota hanskar, þar á meðal gúmmí- og latexhanskar



Raf- og rafeindatæki

Dæmi um rafúrgang

- Stór raftæki
- Sjónvörp og skjáir
- Kæli- og frystitæki
- Smá raftæki

Hægt er að skila nothæfum tækjum (eða öðrum nothæfum hlutum) til endurnotkunar. Einnig er hægt að fara með þessa hluti á nytjamarkað Hirðingjanna til að gefa þeim nýtt líf hjá nýjum eiganda.



Skilagjaldskyldar umbúðir

- glerflöskur fyrir áfengi
- glerflöskur fyrir bjór
- plastflöskur fyrir ávaxtasafa
- plastflöskur fyrir gosdrykki
- plastflöskur fyrir orkudrykki
- áldósir fyrir gosdrykki
- áldósir fyrir orkudrykki
- áldósir fyrir bjór

Körfuknattleiksdeild Sindra sér um flöskumóttöku í sveitarfélaginu okkar.



Textíll

Dæmi um textílúrgang

- fatnaður
- lín
- lök
- dúkar
- tuskur
- sloppar
- handklæði



Áhættuúrgangur

Dæmi um áhættuúrgangur

- flúorperur
- ljósaperur
- ljósabúnaður, startarar (conductor)
- olíumálning
- asbest úr eldri húsum
- rafgeymar og rafhlöður

En, Lyfjaleifum skal skila beint til Lyfju. Flokkunarstöðin tekur ekki við lyfjum eða lyfjaleifum.



Málmar

Málmur er verðmætt efni sem má endurvinnna aftur og aftur með tilheyrandi umhverfislegum ávinningi. Til að efni nýtist sem best sem endurvinnsluefni er mikilvægt að skola allar matarleifar úr málmumbúðum.

Leiðbeiningar um flokkun á málm:

- Umbúðir úr málm
- Sprittkertabikarar
- Málmlok af krukum



Gler

Leiðbeiningar um flokkun á gleri:

- Gluggagler
- Glerumbúðir
- Blómapottar
- Krukkur (takið málmlok af)
- Ilmvatnsglös
- Speglar



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Vinsamlegast skannaðu fyrir ítarlegri

leiðbeiningar:

